Barnaheill
Save the Children Iceland

Belief in the future since 1919

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1818
komudagur 28.2.2013

Reykjavík 27. febrúar 2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um útlendinga. Þingskjal 917 — 541. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013.)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á mikilvægi þess að ef útlendingur er barn, séu málefni hans skoðuð út frá réttindum barna sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og íslenskum lögum og allar ráðstafnanir eða ákvarðanir yfirvalda er varða börn séu byggðar á því sem börnunum er fyrir bestu. Samtökin fagna því að grunngildi Barnasáttmálans séu áréttuð sem grundvöllur ákvarðana og málsmeðferðar í öllum málum sem lögin ná til, eins og kveðið er á um í athugasemdum við lagafrumvarp þetta, III.hluta um meginefni frumvarpsins. Einnig að tryggja skuli réttarstöðu fylgdarlausra barna.

Mikilvægt er að staða barnsins sem útlendingur eða innflytjandi sé aukaatriði í allri málsmeðferð og ferli málsins. Einu gildi hvort að þau börn sem til Íslands koma séu í fylgd með forsjáraðilum, í fylgd með öðrum fullorðnum eða ein á ferð. Mikilvægt er að öll börn fái aðstoð og strax aðgang að allri þeirri þjónustu sem íslensk börn eru aðnjótandi, s.s. heilbrigðis- og félagsþjónustu (sbr. 74. gr. frumvarpsins). Ef barn dvelur lengur en fáeina daga eða vikur á Íslandi er mikilvægt að tryggja því skólagöngu. Mjög mikilvægt er að barni sé strax tryggður tilsjónarmaður og talsmaður, sem aðstoði barnið meðan á öllu ferlinu stendur eins og kveðið er á um í 69. gr. frumvarpsins.

Til þess að vel til takist með framkvæmd laganna sem byggjast á þessu frumvarpi er mikilvægt að allir þeir sem koma munu að málefnum barnanna sem í hlut eiga fái viðeigandi fræðslu.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi vilja hér koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við um frumvarp til laga um útlendinga**.**

1. Athugasemd við 12. gr.frumvarpsins – Andmælaréttur.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að barn sem er útlendingur sé upplýst, það haft með í ráðum og fái að tjá sig um efni máls. Slíkt er jafnframt í samræmi við 12. og 13. grein Barnasáttmálans.

2. Athugasemd við 31. gr.frumvarpsins – Endurnýjun dvalarleyfis.
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um að börn skuli njóta sérstakra réttinda óháð réttindum hinna fullorðnu. Í því sambandi vilja Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á mikilvægi þess að tryggt sé að búsetuleyfi eða dvalarleyfi barns sé óháð leyfi forsjáraðila, þannig að ef að forsjáraðili barns endurnýjar ekki sitt leyfi, þá falli leyfi barnsins ekki sjálfkrafa úr gildi. Þó þarf að tryggja að barn fái aðstoð og stuðning vegna þessa.

3. Athugasemd við 32. gr.frumvarpsins –Búsetuleyfi.
Í 32.gr. er kveðið á um að heimilt sé að veita barni sem fæðist eftir að forsjárforeldri kemur til landsins búsetuleyfi enda hafi foreldrið búsetuleyfi hér á landi. Barnaheill - Save the Children á Íslandi vilja leggja áherslu á að undantekningarlaust eigi að veita barni sem fæðist á Íslandi búsetuleyfi, enda eiga öll börn rétt á að rétt á að vera skráð við fæðingu og eiga rétt á ríkisfangi, eins og kveðið er á um í 7. gr. Barnasáttmálans. Mikilvægt er að tryggt sé að börn sem eru á Íslandi séu skráð og með ríkisfang.

4. Athugasemd við 33. gr.frumvarpsins –Afturköllun.
Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að dvalarleyfi eða búsetuleyfi barna séu ekki undir neinum kringumstæðum afturkölluð, nema að þeim séu tryggðar tryggar aðstæður og búseta annars staðar. Samtökin leggja áherslu á að barn sé ekki gert ábyrgt fyrir þeim aðstæðum sem það hefur lent í, né fyrir ákvarðanatöku og lausn mála.

5. Athugasemd við 45. gr.frumvarpsins – Dvalarleyfi fyrir hugsanlegt fórnarlamb mansals og við 46. gr. Frumvarpsins- Dvalarleyfi fyrir fórnarlamb mansals.
Í greininni segir að ef rökstuddur grunur er um að útlendingur geri tilkall til að vera í stöðu fórnarlambs í þeim tilgangi einum að afla dvalarleyfis, og ekki er sýnt fram á annað með óyggjandi hætti, veitir það þá ekki rétt til dvalarleyfis. Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að ef að útlendingurinn er barn, þá skuli ávallt hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi og tryggja börnunum þá málsmeðferð og vernd sem velferð þeirra krefst. Í þessu sambandi leggja samtökin til að við 46. grein bætist eftirfarandi liður:
C. Þegar um er að ræða barn.

6. Athugasemd við 48. gr.frumvarpsins – Börn yngri en 18 ára.
Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja til að aldur barns sé miðaður við komudag til landins en ekki að umsókn með öllum upplýsingum og fylgiskjölum, sem nauðsynleg eru til töku ákvörðunar, þurfi að vera komin til Útlendingastofnunar fyrir 18 ára afmælisdag barnsins.

7. Athugasemd við 50. gr. frumvarpsins – Krafa um að ábyrgðaraðili hafi starfað eða stundað nám hér á landi í þrjú ár.
Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja að ekki skuli miða við þrjú ár þegar um barn er að ræða, heldur skuli ávallt skoða málefni barns út frá hagsmunum þess og því sem því er fyrir bestu.

8. Athugasemdir við 54. gr. frumvarpsins – Dvalarleyfi fyrir foreldri íslensks barns, við 55. gr. – Skammtímadvöl til að heimsækja barn og við 57. gr. – Dvalarleyfi vegna forsjár eða áframhaldandi umgengni við barn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heimilt sé að veita útlendingi dvalarleyfi sem er foreldri íslensks barns yngra en 18 ára sem búsett er hér á landi enda fari foreldrið með forsjá barnsins og ætli að búa með barninu hér á landi. Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja að skoða beri einnig málefni forsjárlausra foreldra og veita þeim dvalarleyfi að uppfylltum öðrum skilyrðum, þar sem mikilvægt er fyrir barnið að geta umgengist báða foreldra sína, ef það þjónar hagsmunum barnsins og er því fyrir bestu. Samtökin telja að ef að hið forsjárlausa foreldri vill búa á Íslandi til að geta umgengist barn sitt reglulega og það sé ekki andstætt hagsmunum barnsins, þá sé eðlilegt að veita því dvalarleyfi og rétt til löghemilis, en ekki einungis tímabundið leyfi eins og kveðið er á um í 55. gr. frumvarpsins. Foreldri geti því sótt um umgengnisrétt eins og þá gildi hið sama og kveðið er á um í 57.gr. frumvapsins.

9. Athugasemdir við 63. gr. frumvarpsins – Réttur til alþjóðlegrar verndar.

Í d- lið greinarinnar segir: *Nú nýtur barn yngra en 18 ára alþjóðlegrar verndar samkvæmt ákvæði þessu eða 68. gr. og eiga foreldrar þess jafnframt rétt til verndar, enda þyki sýnt að þeir hafi farið með forsjá barnsins og hyggist búa með barninu hér á landi. Nú hefur annað foreldri farið með forsjá barns og nýtur það þessa réttar. Þá njóta þessa réttar systkini barnsins sem eru yngri en 18 ára og búa hjá foreldrunum eða foreldrinu.*
Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja til að ekki skuli sett þau mörk að systkini þurfi að vera yngri en 18 ára til að njóta verndar, heldur skuli líta á fjölskylduna sem heild og ekki skuli aðskilja einstaklinga hennar sökum aldurs, nema velferð þeirra krefjist annars. Jafnframt skuli einnig vera til skoðunar vernd forsjárlauss foreldris ef að það þjónar velferð og hagsmunum barnsins.

10. Athugasemd við 79. gr. frumvarpsins – Talsmaður fylgdarlauss barns sem er umsækjandi um alþjóðlega vernd.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi taka undir mikilvægi þess að talsmaður fylgdarlausra barna hafi sérþekkingu á málefnum barna. Mikilvægt er að hann hafi velferð barnsins og því sem barninu er fyrir bestu að leiðarljósi. Mikilvægt er að haft sé upp á forsjáraðilum barnanna, án þess að barninu eða forsjáraðilum sé stefnt í hættu og að barnið sé einungis sent til síns heima, ef tryggar aðstæður taka við því.
Samtökin eru sammála því að óheimilt skuli vera að skipa talsmann sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga og að Útlendingastofnun skuli vera heimilt að afla sakavottorðs væntanlegs talsmanns frá ríkissaksóknara. Samtökin leggja jafnframt til að Útlendingastofnun verði heimilt að afla frekari upplýsinga um væntanlegan talsmann, s.s. úr málaskrá eða frá lögreglu.
Séu börnin ekki í fylgd með forsjáraðilum er mikilvægt að haft sé upp á forsjáraðilum barnanna, án þess barninu eða forsjáraðilum sé stefnt í hættu. Slíkt gildi hvort sem barnið er að sækja um alþjóðlega vernd (sbr. 79. gr. frumvarpsins), eða ekki.

11. Athugasemd við 79. gr. frumvarpsins– Brottvísun útlendings án dvalarleyfis.
Athugasemd við a. lið:
Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að aldrei ekki skuli vísa barni fyrirvaralaust úr landi, jafnvel þó að það dveljist ólöglega í landinu. Alltaf skuli skoða málefni barna sérstaklega og út frá því sem barninu er fyrir bestu.

Athugasemd við 125. gr. frumvarpsins– Handtaka og gæsluvarðhald.
Í greininni segir: *Umsækjanda um alþjóðlega vernd, sem er yngri en 18 ára en eldri en 15 ára, er þá aðeins heimilt að úrskurða í gæsluvarðhald þegar hann hefur sýnt af sér hegðun sem gefur til kynna að hann sé talinn ógna allsherjarreglu, öryggi ríkisins eða almannahagsmunum. Úrræði þessu skal einungis beitt þegar önnur vægari úrræði samkvæmt lögum þessum eða sem mælt er fyrir um í barnaverndarlögum koma ekki til greina eða ná því markmiði sem að er stefnt.*
Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á mikilvægi þess að til séu úrræði sem henta einstaklingum yngri en 18 ára en eldri en 15 ára og í engum tilfellum skuli þeir vistaðir í gæsluvarðhald með fullorðnum einstaklingum í samræmi við 37. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barns að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru.

Virðingarfyllst,

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri